

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2009/EES/53/01		Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt ákvæðum 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól (Noregur).....	1
2009/EES/53/02		Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins (Noregur).....	2
2009/EES/53/03		Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt ákvæðum 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól (Ísland)	3
2009/EES/53/04		Auglýsing Eftirlitsstofnunar EFTA um endurkröfuvexti sem reikna ber við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti í þremur EFTA-ríkjum; vextirnir gilda frá 1. júlí 2009.....	4
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2009/EES/53/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5616 – SG Vetri/Zignago Vetro/Ardagh Glass/Ecosud).....	5
2009/EES/53/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5620 – Volkswagen Financial Services/MøllerGruppen/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.....	6

2009/EES/53/07	Ríkisaðstoð – Þýskaland – Málsnúmer C 15/09 (áður N 196/09) Hypo Real Estate – Þýskaland – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	7
2009/EES/53/08	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar svo og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 27 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. október 2009	8
2009/EES/53/09	Auglýsing eftir tillögum – EACEA/24/09 – MEDIA – Kynning/Aðgangur að markaði.	9

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt ákvæðum 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókarinnar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól

2009/EES/53/01

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun.

Dagsetning ákvörðunar: 22. apríl 2009

Málsnúmer: 64968

EFTA-ríki: Noregur

Fyrirsögn: Stofnun stafræns gagnasafns fyrir skólakerfið á vegum norska ríkisútvarpsins (NRK)

Lagaheimild: Samningur NRK og menntaskrifstofu norska menntamálaráðuneytisins um stofnun stafræns hljóðrita- og kvikmyndasafns fyrir skólakerfið og skilyrði fyrir aðgangi að því

Markmið: Endurgjald fyrir þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu

Aðstoðarform: Beinn styrkur

Aðstoðarfjárhæð: 15,25 millj. norskra króna

Gildistími: 18 mánuðir frá og með deginum sem aðstoðin hlýtur samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA

Atvinnugreinar: Skólamál og fjölmiðlar

Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð: Kunnskapsdepartementet, Utdanningsdirektoratet

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/fieldsofwork/fieldstateaid/stateaidregistry>

Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins**2009/EES/53/02**

Eftirlitsstofnun EFTA hefur komist að þeirri niðurstöðu að eftirgreind ráðstöfun feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins.

Dagsetning ákvörðunar: 6. maí 2009

Málsnúmer: 65114

EFTA-ríki: Noregur

Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega): Styrkjareglur sem eiga að hvetja til þess að tekið verði upp flug á nýjum leiðum frá norskum flugvöllum

Lagaheimild: Ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins

Tegund aðstoðar: Afsláttur vegna nýrrar starfsemi, aðstoð við markaðsstarf og aðstoð við leiða-
uppbyggingarsjóði

Atvinnugreinar: Flugvallarekstur

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/fieldsOfWork/fieldStateAid/stateAidRegistry>

**Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt ákvæðum 61. gr. EES-samningsins og
3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól**

2009/EES/53/03

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri aðstoðarráðstöfun.

Dagsetning ákvörðunar: 10. júní 2009

Málsnúmer: 66338

EFTA-ríki: Ísland

Fyrirsögn: Breyting á styrkjareglum – Tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Lagaheimild: Lög nr. 39 frá 2. apríl 2009 um breyting á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999

Markmið: Stuðningur við listsköpun í kvikmyndum og sjónvarpi

Aðstoðarform: Beinir styrkir

Gildistími: 31. desember 2011

Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð: Iðnaðarráðuneytið, Arnarhvíli, 150 Reykjavík

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á eftirfarandi slóð:

<http://www.eftasurv.int/fieldsOfWork/fieldStateAid/stateAidRegistry>

**Auglýsing Eftirlitsstofnunar EFTA um endurkröfuvexti sem reikna ber við 2009/EES/53/04
endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti í þremur EFTA-rikjum;
vextirnir gilda frá 1. júlí 2009**

(Birt í samræmi við ákvæði 10. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004 (Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37, og EES-viðbætur nr. 26/2006, 25.5.2006, bls. 1))

Grunnvextir eru reiknaðir í samræmi við ákvæði kaflans um aðferð við útreikning viðmiðunar- og afreiknivaxta í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, með áorðnum breytingum samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 788/08/COL frá 17. desember 2008. Til þess að finna viðeigandi viðmiðunavexti verður að bæta við hæfilegu vaxtaálagi í samræmi við ákvæði ríkisaðstoðarleiðbeininganna. **Að því er afreiknivextina varðar merkir þetta að hækka verður grunnvextina sem nemur viðeigandi vaxtaálagi, þ.e. 100 grunnpunktum.** Endurkröfuvextirnir verða einnig að jafnaði reiknaðir með því að bæta 100 grunnpunktum við grunnvextina eins og kveðið er á um í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 789/08/COL frá 17. desember 2008 um breytingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004 (sjá Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37, og EES-viðbæti nr. 26/2006, 25.5.2006, bls. 1).

	Ísland	Liechtenstein	Noregur
1.1.2009–31.1.2009	16,42	2,95	6,43
1.2.2009–28.2.2009	16,42	2,33	5,41
1.3.2009–31.3.2009	16,42	1,58	4,26
1.4.2009–30.6.2009	16,42	1,10	3,38
1.7.2009–	11,24	0,86	2,84

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2009/EES/53/05

(Mál COMP/M.5616 – SG Vetri/Zignago Vetri/Ardagh Glass/Ecosud)

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. október 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítölsku fyrirtækin Saint-Gobain Vetri SpA („Vetri“), sem tilheyrir frönsku samsteypunni Saint-Gobain, Zignago Vetri SpA („Zignago“) og Ardagh Glass s.r.l. („Ardagh“), sem tilheyrir hinu írsku Ardagh Glass Group, öðlast með hluta-fjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki, hinu ítalska Ecosud s.r.l.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Vetri: framleiðsla á glerumbúðum sem eru fyrst og fremst notaðar undir matvæli og drykkjarvörur
 - Zignago: framleiðsla á glerumbúðum sem eru fyrst og fremst notaðar undir matvæli og drykkjarvörur
 - Ardagh: framleiðsla og sala á glerilátum
 - Ecosud: endurvinnsla glers
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 246, 14. október 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5616 – SG Vetri/Zignago Vetri/Ardagh Glass/Ecosud, á eftirfarandi póstoffang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2009/EES/53/06****(Mál COMP/M.5620 – Volkswagen Financial Services/MøllerGruppen/JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. október 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Volkswagen Financial Services AG, sem tilheyrir VW-samsteypunni, og norska fyrirtækið MøllerGruppen AS, sem lýtur yfirláðum Møllerfjölskyldunnar, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirláð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki, hinu norska Newco BilFinans AS.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Volkswagen Financial Services AG: fjármálaþjónusta, einkum í tengslum við dreifingu og fjármögnun fólksbifreiða/atvinnuökutækja
 - MøllerGruppen AS: sala, viðhald og viðgerðir ökutækja frá VG Group, m.a. Volkswagen, Audi og Skoda, ásamt bílalánnum og kaupleigusamningum fyrir þessar tegundir, auk viðgerða á Seat; fyrirtækið sinnir einnig fasteignaupbyggingu og öðrum fjárfestingum
 - Newco BilFinans AS: starfsemin verður á sviði kaupleigu ökutækja og lánaþjónunnar fyrir einstaklinga og fyrirtæki í Noregi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 245, 13. október 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5620 – Volkswagen Financial Services/MøllerGruppen/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Ríkisaðstoð – Þýskaland**2009/EES/53/07****Málsnúmer C 15/09 (áður N 196/09) Hypo Real Estate – Þýskaland****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 240, 7.10.2009](#).

Framkvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdir til:

European Commission
Directorate-General for Competition
State aid Greffe
Office: SPA3, 6/5
1049 Brussels
BELGIUM

Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Þýskalandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar svo og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 27 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. október 2009

(Birt í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1))

Grunnvextir eru reiknaðir í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun aðferðar við útreikning viðmiðunar- og afreiknivaxta (Stjtið. ESB C 14, 19.1.2008, bls. 6). Þá verður að bæta við grunnvextina viðeigandi álagi í samræmi við orðsendinguna eftir því í hvaða samhengi viðmiðun- arvextirnir eru notaðir. Að því er afreiknivextina varðar merkir þetta að hækka verður grunnvextina sem nemur 100 grunnpunktum. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 271/2008 frá 30. janúar 2008 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (EB) nr. 794/2004 er kveðið á um að endurkröfuvextir skuli einnig ákveðnir með því að bæta 100 grunnpunktum við grunnvextina, nema kveðið sé á um annað í sérstakri ákvörðun.

Frá	Til	AT	BE	BG	CY	CZ	DE	DK	EE	EL
1.10.2009	–	1,45	1,45	6,41	1,45	2,49	1,45	2,31	7,34	1,45
1.9.2009	30.9.2009	1,77	1,77	6,41	1,77	2,96	1,77	2,78	7,34	1,77
1.8.2009	31.8.2009	1,77	1,77	6,41	1,77	2,96	1,77	2,78	7,34	1,77
1.7.2009	31.7.2009	1,77	1,77	6,41	1,77	2,96	1,77	3,44	7,34	1,77
1.6.2009	30.6.2009	2,22	2,22	6,41	2,22	2,96	2,22	3,44	7,34	2,22
1.5.2009	31.5.2009	2,22	2,22	7,63	2,22	2,96	2,22	4,57	7,34	2,22
1.4.2009	30.4.2009	2,74	2,74	7,63	2,74	2,96	2,74	4,57	7,34	2,74
1.3.2009	31.3.2009	3,47	3,47	7,63	3,47	3,74	3,47	6,00	7,34	3,47
1.2.2009	28.2.2009	4,99	4,99	7,63	4,99	4,53	4,99	6,00	7,34	4,99
1.1.2009	31.1.2009	4,99	4,99	7,63	4,99	4,53	4,99	6,00	7,34	4,99
1.12.2008	31.12.2008	5,36	5,36	6,70	5,36	4,20	5,36	5,55	6,43	5,36
1.11.2008	30.11.2008	5,36	5,36	6,70	5,36	4,20	5,36	5,55	6,43	5,36
1.10.2008	31.10.2008	5,36	5,36	6,70	5,36	4,20	5,36	5,55	6,43	5,36
1.9.2008	30.9.2008	4,59	4,59	6,70	4,59	4,20	4,59	5,55	6,43	4,59
1.7.2008	31.8.2008	4,59	4,59	6,70	4,59	4,20	4,59	4,81	6,43	4,59

Frá	Til	ES	FI	FR	HU	IE	IT	LT	LU	LV
1.10.2009	–	1,45	1,45	1,45	10,01	1,45	1,45	9,53	1,45	18,77
1.9.2009	30.9.2009	1,77	1,77	1,77	10,01	1,77	1,77	9,53	1,77	15,54
1.8.2009	31.8.2009	1,77	1,77	1,77	10,01	1,77	1,77	9,53	1,77	15,54
1.7.2009	31.7.2009	1,77	1,77	1,77	10,01	1,77	1,77	9,53	1,77	13,20
1.6.2009	30.6.2009	2,22	2,22	2,22	10,01	2,22	2,22	9,53	2,22	13,20
1.5.2009	31.5.2009	2,22	2,22	2,22	10,01	2,22	2,22	9,53	2,22	13,20
1.4.2009	30.4.2009	2,74	2,74	2,74	10,01	2,74	2,74	9,53	2,74	13,20
1.3.2009	31.3.2009	3,47	3,47	3,47	10,01	3,47	3,47	9,53	3,47	13,20
1.2.2009	28.2.2009	4,99	4,99	4,99	10,01	4,99	4,99	7,81	4,99	13,20
1.1.2009	31.1.2009	4,99	4,99	4,99	10,01	4,99	4,99	7,81	4,99	11,05
1.12.2008	31.12.2008	5,36	5,36	5,36	8,58	5,36	5,36	7,10	5,36	9,44
1.11.2008	30.11.2008	5,36	5,36	5,36	8,58	5,36	5,36	6,10	5,36	9,44
1.10.2008	31.10.2008	5,36	5,36	5,36	8,58	5,36	5,36	6,10	5,36	9,44
1.9.2008	30.9.2008	4,59	4,59	4,59	8,58	4,59	4,59	6,10	4,59	9,44
1.7.2008	31.8.2008	4,59	4,59	4,59	8,58	4,59	4,59	6,10	4,59	9,44

Frá	Til	MT	NL	PL	PT	RO	SE	SI	SK	UK
1.10.2009	–	1,45	1,45	4,53	1,45	10,75	1,49	1,45	1,45	1,53
1.9.2009	30.9.2009	1,77	1,77	4,53	1,77	10,75	1,49	1,77	1,77	1,85
1.8.2009	31.8.2009	1,77	1,77	4,53	1,77	13,20	1,49	1,77	1,77	1,85
1.7.2009	31.7.2009	1,77	1,77	4,53	1,77	13,76	1,49	1,77	1,77	2,20
1.6.2009	30.6.2009	2,22	2,22	4,53	2,22	17,29	1,49	2,22	2,22	2,20
1.5.2009	31.5.2009	2,22	2,22	5,62	2,22	17,29	1,81	2,22	2,22	2,84
1.4.2009	30.4.2009	2,74	2,74	5,62	2,74	17,29	2,30	2,74	2,74	2,84
1.3.2009	31.3.2009	3,47	3,47	6,78	3,47	17,29	3,31	3,47	3,47	3,58
1.2.2009	28.2.2009	4,99	4,99	6,78	4,99	17,29	4,31	4,99	4,99	4,81
1.1.2009	31.1.2009	4,99	4,99	6,78	4,99	17,29	5,18	4,99	4,99	5,70
1.12.2008	31.12.2008	5,36	5,36	6,42	5,36	15,8	5,49	5,36	5,00	5,66
1.11.2008	30.11.2008	5,36	5,36	6,42	5,36	11,02	5,49	5,36	5,00	5,66
1.10.2008	31.10.2008	5,36	5,36	6,42	5,36	11,02	5,49	5,36	4,34	5,66
1.9.2008	30.9.2008	4,59	4,59	6,42	4,59	11,02	5,49	4,59	4,34	5,66
1.7.2008	31.8.2008	4,59	4,59	6,42	4,59	11,02	4,75	4,59	4,34	5,66

AUGLÝSING EFTIR TILLÖGUM – EACEA/24/09

2009/EES/53/09

MEDIA – Kynning/Aðgangur að markaði

1. Markmið og lýsing

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um framkvæmd áætlunar um stuðning við hljóð- og myndefnisframleiðslu í Evrópu (MEDIA 2007).

Í ofangreindri ákvörðun ráðsins eru m.a. sett eftirtalin markmið:

- „Að greiða fyrir og hvetja til kynningarstarfs og útbreiðslu evrópskra hljóð- og myndmiðlaverka og kvikmyndaverka á sölusýningum, kaupstefnum og hljóð- og myndmiðlunarhátíðum í Evrópu og um heim allan, að því marki sem slíkir viðburðir geta gegnt mikilvægu hlutverki í kynningu evrópskra verka og tengslamyndun milli fagfólks“
- „Að hvetja til tengslamyndunar milli evrópskra rekstraraðila með því að styðja sameiginlegar aðgerðir innlendra, opinberra eða óháðra aðila, sem vinna á sviði kynninga, á evrópskum og alþjóðlegum mörkuðum“

2. Hlutgengir umsækjendur

Auglýsingu þessari er beint til fyrirtækja í Evrópu sem stuðla með starfsemi sinni að markmiðum MEDIA-áætlunarinnar eins og þeim er lýst í ofangreindri ákvörðun ráðsins.

Umsækjendur verða að vera skráðir í einu eftirtalinna ríkja:

- Einu hinna 27 aðildarríkja Evrópusambandsins,
- einu aðildarríkja EFTA og Evrópska efnahagssvæðisins: Íslandi, Liechtenstein eða Noregi,
- Sviss eða Króatíu.

3. Styrkhæf starfsemi

Auglýst er eftir tillögum með það að markmiði að veita styrki til aðgerða og starfsemi í aðildarríkjum MEDIA-áætlunarinnar.

Markmiðið er að styrkja aðgerðir sem miðast að því

- að auka dreifingu hljóð- og myndverka frá Evrópuríkjunum með því að tryggja að framleiðendur slíkra verka í Evrópu hafi aðgang að atvinnumarkaði fyrir hljóð- og myndefni í Evrópu og á alþjóðavettvangi
- að ýta undir sameiginlegar aðgerðir stofnana sem sinna kynningu á kvikmyndum og öðru hljóð- og myndefni í hverju landi.

Verkefni skulu standa um að minnsta kosti 12 mánaða skeið.

Starfsemin verður að hefjast 1. júní 2010 eða síðar og henni verður að ljúka fyrir 31. desember 2011.

4. Viðmið við úthlutun

Umsækjendur og verkefni, sem teljast styrkhæf, verða metin til allt að 100 stiga á grundvelli eftirtalinnna viðmiða:

Evrópuþáttur starfseminnar	30 stig
Áhrif á kynningu og dreifingu evrópsks hljóð- og myndefnis	30 stig
Vöndun og hagkvæmni framlagðrar starfsáætlunar	25 stig
Nýskapandi þættir aðgerðarinnar	5 stig
Kynning á hljóð- og myndefni frá Evrópulöndum þar sem lítil framleiðsla er á slíku efni	10 stig

5. Fjárveiting

Áætluð heildarfjárveiting vegna samfjármögnunar verkefna er 1 700 000 EUR.

Styrkir framkvæmdastjórnarinnar geta ekki orðið hærri en sem nemur 50 % af heildarkostnaði við starfsemina.

Framkvæmdastofnunin áskilur sér rétt til að úthluta ekki öllu því fé sem er til ráðstöfunar.

6. Umsóknarfrestur

Frestur til að senda inn umsóknir er sem hér segir:

- Til 7. desember 2009 þegar um ræðir starfsemi sem hefst á tímabilinu frá 1. júní til 31. desember 2010.
- Til 30. júní 2010 þegar um ræðir starfsemi sem fer fram á árinu 2011 og starfsemi sem hefst á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí 2011.

Umsóknir skulu sendar á neðangreint pósthfang:

Education, Audiovisual and Culture Executive Agency
 Call for Proposals EACEA/24/09
 FAO: Mr Costas DASKALAKIS
 BOUR 03/30
 Avenue du Bourget 1
 1040 Bruxelles/Brussel
 BELGIQUE/BELGIË

Umsóknir verða teknar til greina því aðeins að þær berist á réttu umsóknareyðublaði, rétt útfylltu og dagsettu, og beri undirskrift fulltrúa umsækjanda sem hefur umboð til lagalegra skuldbindinga fyrir hönd hans.

Umsóknir, sem berast í símbrefi eða rafrósti, verða ekki teknar til greina.

7. Nánari upplýsingar

Leiðbeiningar um hvernig standa beri að umsóknum eru birtar, ásamt umsóknareyðublöðum, á eftirfarandi slóð:

<http://eacea.ec.europa.eu>

Umsóknum verður að skila á umsóknareyðublaðinu sem sýnt er og þeim verða að fylgja öll fylgiskjöl og allar upplýsingar sem tilgreindar eru.